

Fundargerð 391. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2017, mánudaginn 23. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi voru Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Steinþór Pétursson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 390. fundar frá 7. desember 2016.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Ársreikningur hafnasambandsins 2016 - 1701004HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2016 áritaður af reikningshaldara.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.

3. Samráðsfundir Fiskistofu - óskað tilnefningar - 1701002HA

Lagt fram bréf frá Fiskistofu, dags. 10. janúar 2017, þar sem óskað er eftir því að hafnasambandið tilnefni fulltrúa til að taka þátt í samráðsfundum með fulltrúum Fiskistofu.

Samþykkt að tilnefna Lúðvík Geirsson, Björn Arnaldsson og Guðmund Kristjánsson til að taka þátt í samráðsfundinum.

4. Fjárhagsstaða verst settu hafnasjóðanna - 1611006HA

Lagt fram að nýju minnisblað Sigurðar Á. Snævarr, dags. 7. desember 2016, þar sem farið er yfir fjárhagsstöðu verst settu hafnasjóðanna. Einnig lagðar fram upplýsingar frá tveimur höfnum sem sent hafa hafnasambandinu þær upplýsingar sem óskað var eftir í bréfi dags. 15. desember 2016.

Samþykkt að senda ítrekun á þá hafnasjóði sem hafa ekki sent hafnasambandinu upplýsingar. Mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir áður en hafnasambandið fundar með ráðherra.

5. Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2017 - 1612002HA

Lagt fram til kynningar bréf, dags. 13. janúar 2017, sem hafnasambandið sendi Jóni Gunnarssyni nýjum samgöngu og sveitarstjórnarráðherra vegna fjárveitinga til framkvæmda í höfnum. Í bréfinu var óskað eftir staðfestingu á að framlag til framkvæmda í höfnum verði ekki lægra en 700 m.kr. árið 2017.

Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir og óska eftir fundi með ráðherra.

6. Lög um mönnun hafsögu- og dráttarbáta - endurskoðun - 1612001HA

Lagt fram að nýju bréf frá Vestmannaeyjahöfnum, dags. 1. desember 2016, þar sem óskað var eftir því að hafnasambandið beitti sér fyrir því að lög um mönnum hafsögu- og dráttarbáta verði endurskoðuð. Einnig lögð fram drög að minnisblaði þar sem óskað er eftir því að lög um réttindi vélstjóra á hafnsögu- og dráttarbátum í þjónustu hafna verði endurskoðuð.

Ólafi, Guðmundi og Steinþóri falið að lagfæra minnisblaðið í samræmi við umræður á fundinum. Formanni falið að útbúa formlegt bréf sem sent verður á innanríkisráðuneytið um málið.

7. Kynning á starfsemi hafna - 1611008HA

Rætt um kynningu á starfsemi hafna.

Formanni falið að vinna frekar í málinu. Lúðvík falið að útbúa stutt minnisblað þar sem farið er yfir hvað sé mikilvægt að fjalla um á krísustjórnunarnámskeiði sem stefnt er á að halda fyrir hafnarstjóra.

8. Fjarvigtun - 1611007HA

Lagt fram minnisblað, dags. 19. janúar 2017, frá Birni Arnaldssyni um hvaða laga- og reglugerðarbreytingar þarf að gera svo hægt sé að heimila fjarvigtun.

Fulltrúum hafnasambandsins í samráðsnefnd Fiskistofu falið að taka málið upp á fyrsta samráðsnefndarfundinum.

9. Vorfundur 2017 - 1701003HA

Rætt um vorferð stjórnar 2017.

Samþykkt að vorfundur stjórnar hafnasambandsins verði haldinn á Snæfellsnesi dagana 22.-23. maí 2017. Birni og framkvæmdastjóra falið að útbúa drög að dagskrá.

10. Hafnafundur 2017 - 1610005HA

Rætt um undirbúning hafnafundar.

Fræðslunefnd falið að hefja undirbúning fyrir hafnafundinn sem haldinn verður á Húsavík 21. september 2017.

Fundi var slitið kl. 12:10

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson